

70
20. nóv.

REGLUGJÖRÐ

um

bann gegn hundahaldi í kaupúninu Hvammstanga.

1. gr.

Bannað er með öllu að halda hunda í Hvammstangakaupúni. Bann þetta gildir einnig um þá hunda, sem kunna að vera taldir að eiga heima á sveitabæjum í hreppnum, en vitanlegt er um að eigendur þeirra eru búsettir á Hvammstanga og hundarnir hafðir þar að staðaldri.

Ákvæði þessi gilda fyrir svæði það, er verslunarlóð kaupúnsins nær yfir.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að kr. 50,00 — fimmtíu krónum —, er falla í sveitarsjóð Kirkjuhvammshrepps.

Skal farið með mál útaf slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps samkv. lögum nr. 8. 4. júní 1924, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1925.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóv. 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.